

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 59/98  
frá 4. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með  
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir  
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 47/98 frá 29. maí 1998<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/97 frá 29. júlí 1997 um breytingu á  
reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar  
þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II.  
viðauka við samninginn:

„- **397 R 1488:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/97 frá 29. júlí 1997  
(Stjtið. EB L 202, 30.7.1997, bls. 12).”.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 207.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 202, 30. 7. 1997, bls. 12.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbaso

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner